




Guðmundur Elísson



Fæddur 22. október 1944

Dáinn 25. febrúar 2023

Útför frá Akureyrarkirkju mánudaginn 13. mars kl. 13:00

Jarðsett verður í kirkjugarðinum á Naustahöfða

Upphafslag

Fram í heiðanna ró

Djólslag frá Texas - Friðrik A. Friðriksson



Signing og bæn



Þannig týnist tíminn

Líkt og ástarljóð
sem enginn fékk að njóta,
eins og gulnað blað
sem geymir óræð orð,
eins og gömul hefð
sem búið er að brjóta,
þar er ég, þar ert þú,
þar er allt það sem ástin okkur gaf.

Þannig týnist tíminn,
þannig týnist tíminn,
þannig týnist tíminn
þó hann birtist við og við.

Líkt og sumarást
sem aldrei náði að blómstra,
líkt og tregatár sem geymir falleg
bros,
þarna er gömul mynd
sem sýnir glaðar stundir,
þar er ég, þar ert þú,
þar er allt það sem ástin okkur gaf.

Þannig týnist tíminn...

Líkt og mynd sem bjó
í vonarlandi þínu,
eins og æskuþrá
sem lifnar við og við,
býr þar sektarkennd
sem ennþá nær að særa,
þar er ég, þar ert þú,
þar er allt það sem ástin okkur gaf.

Þannig týnist tíminn...

Líkt og ástarljóð
sem enginn fær að njóta,
endar sem gulnað blað
er geymir óræð orð,
eins og gamalt heit
sem búið er að brjóta,
þar er ég, þar ert þú,
þar er allt það sem ástin okkur gaf.

Bjartmar Guðlaugsson



Ritningarlestur



Undir bláhimni

Hawaíski - Magnús Gíslason frá Vöglum í Skagafirði



Ritningarlestur



Sveitin mín

Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga!
Engið, fjöllin, áin þín
- yndislega sveitin mín! -
heilla mig og heim til sín
huga minn úr fjarlægð draga.
Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga!

Yndislega ættarjörð,
ástarkveðju heyr þú mína,
- þakkarklökkva kveðjugjörð.
Kveð ég líf þitt, móðir jörð!
Móðir, bæði mild og hörð,
mig þú tak í arma þína.
Yndislega ættarjörð,
ástarkveðju heyr þú mína.

Bjarni Þorsteinsson

Sigurður Jónsson frá Arnarvatni

Guðspjall



Kroppurinn minn

Oft í Breiðdalnum
hef ég barist um
ég borða og sef
og sauðum mínum gef.
En stundum finn ég hjá
mér smá ferðaþrá
fákinn þá finn
það er Landcruiserinn.

Yfir heiður þá
halda oft ég má
hérna örævin
eru smá þæfin.

Það er ferð á mér
því mig enginn sér
þér get ég gefið inn
græni Landcruiserinn minn.

Hér við Eyjafjörð
á ég hús á jörð
heim nú ég vil
og hlakka mikið til.
Hér ég engan veit
unaðslegri reit
ylinn ég finn
það er Kroppurinn minn.

Ég að dyrum ber
dýrðin mætir mér
hve daman er fín
það dásamleg er sýn.

Og hún hallar sér
hlý að brjósti mér
ylinn þá ég finn
er þar Guðný kroppur minn.

Ég veit engan stað
og ég stend við það.
Sem kærari er
en kroppabærinn hér.
Brátt í ból ég fer
besta stund það er
yndi ég finn
þar er kroppurinn minn.

John Prine - Sveinn á Vatnsenda



Minningarorð



Minning

Sumir hverfa fljótt úr heimi hér
skrítið stundum hvernig lífið er,
eftir sitja margar minningar
þakklæti og trú.

Þegar eitthvað virðist þjaka mig
þarf ég bara að sitja og hugsa um þig,
þá er eins og losni úr læðingi
lausnir öllu við.


Þó ég fái ekki að snerta þig
veit ég samt að þú ert hér,
og ég veit að þú munt elska mig
geyma mig og gæta hjá þér.

Og þó ég fengi ekki að þekkja þig
þú virðist alltaf geta huggað mig,
það er eins og þú sért hér hjá mér
og leiðir mig um veg.

Þó ég fái ekki að snerta þig
veit ég samt að þú ert hér,
og ég veit að þú munt elska mig
geyma mig og gæta hjá þér.

Og þegar tími minn á jörðu hér,
liðinn er þá er ég burtu fer,
þá ég veit að þú munt vísa veg
og taka á móti mér.

Bob Dylan - Ingibjörg Gunnarsdóttir.



Bæn og Fadir vör



Sofðu unga ástin mín

Íslenskt þjóðlag - Jóhann Sigurjónsson



Meldun



Pegar storminn hefur lægt

Er held ég út á veginn
mín hugsun ein er sú:
í sætinu við hlið mér
þar situr engin þú.

Hve vont það er að vakna
og hve veröldin er aum.
Ég sit hér ein og sakna
og syrgi gamlan draum.

Skýin virðast sár,
af himnum falla tár,
þar til að storminn hefur lægt.

Á veginum er bleyta,
vatn í augum mér.
Regn mun engu breyta
þótt rigni eins hjá þér.

Ég gæti beðið forláts
en mér finnst það blekking stór.
En hvort er betra að vera
eða vera sá sem fór?

Skýin virðast sár,
af himnum falla tár,
þar til að storminn hefur lægt.

Þótt himininn sé grár,
gefum þessu ár,
þar til að storminn hefur lægt.

Hvar endar þessi akstur?
Er það hér og nú?
Verður kannski aftur
á vegi mínum þú?

Skýin virðast sár,
af himnum falla tár,
þar til að storminn hefur lægt.

Þótt himininn sé grár,
gefum þessu ár,
þar til að storminn hefur lægt.
Gefum þessu ár,
þar til að storminn hefur lægt.


Hollenskt lag - Sævar Sigurgeirsson

Blessun



Útgöngulag
Leiðin okkar allra

Þorsteinn Einarsson - Einar Georg Einarsson



Prestur: Séra Hildur Eir Bolladóttir

Organisti: Eyþór Ingi Jónsson

Söngur: Ívar Helgason og Jónína Björg Magnúsdóttir

*Fjölskylda Guðmundar þakkar auðsýnda samúð og hlýhug.
Að athöfn lokinni er kirkjugestum boðið að þiggja veitingar
í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju.*